

## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Fimmtudaginn 15. desember var tólfti stjórnarfundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 11:15 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Kári Aðalsteinsson, Margrét Guðjónsdóttir og Sólveig Halldórsdóttir komu til fundar undir lið 1. Einnig komu á fundinn Jóhann Úlfarsson formaður stjórnar Útfararstofu Kirkjugarðanna, Andrés Jónsson varaformaður og Guðný Hildur Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna undir lið 3. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun
  2. Bálstofumál
  3. Málefni ÚK
    - a. Greiðsla arðs
    - b. Tillaga um arð- og arðgreiðslustefnu.
    - c. Staðfesting á tilnefningu stjórnar
    - d. Ákvörðun um stjórnarlaun
  4. Stefnumótun
  5. Önnur mál
- 
1. Framkvæmdastjóri ásamt Kára og Margréti kynnti drög að fjárhagsáætlun næsta árs. Sólveig sem hefur verið ráðin í starf bókara o.fl. var kynnt og hún boðin velkomin til starfa. Ekki liggur fyrir hver tekjuramminn er þar sem vinnu við fjárlög er ekki lokið. Ljóst er að fjárfesting verður töluverð þar sem tími er kominn á ýmsar framkvæmdir sem setið hafa á hakanum svo sem malbikun í Gufunesgarði og einnig þarf að ljúka við frágang þjónustuhúss í Kópavogi o.fl.
  2. Farið var yfir stöðu bálstofumála. Varahlutir sem pantaðir hafa verið munu verða sendir til landsins í byrjun ársins. Ekkert annað nýtt var að fréttu en framkvæmdastjóra var falið útfæra nýjar tillögur í samráði við Kirkjugarðaráð.
  3. Málefni Útfararstofu Kirkjugarðanna.
    - a. Ákvörðun um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2021.** Gerð er tillaga um greiðslu arðs, 5 milljónir króna. Stjórn Útfararstofu Kirkjugarðanna leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2021 sem nemur 5 milljónum króna. Sem er um 35,9% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði eigi síðar en 27. desember 2022. Samþykkt samhljóða.
    - b. Tillaga um arð- og arðgreiðslustefnu.** Stefna Útfararstofu kirkjugarðanna er að reka útfararstofu með góðri þjónustu og hagkvæmum rekstri og hafa það í heiðri að halda kostnaði við útfarir eins lágum og kostur er. Arður af rekstrinum rennur til eigandans, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis, og er notaður til samfélagslegra verkefna við rekstur kirkjugarðanna.

Stjórn Útfararstofu kirkjugarðann hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla að fyrirtækið skili til eiganda síns, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Stefnt skal að því að arðsemi Útfararstofu Kirkjugarðanna skuli vera sem nemur lágmarki 5% arðsemi af heildarhlutafé. Einnig að stefnt sé að því að Útfararstofa kirkjugarðanna greiði eiganda sínum sem nemur 30% til 50% hagnaðar næstliðins rekstrarárs í formi arðgreiðslu að uppfylltum ákveðnum fjárhagslegum skilyrðum

Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu skal litið til þess að félagið viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, fjárfestingum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu. Því skal arðgreiðslan ekki leiða til þess að félagið verði með lægra eiginfjárhlutfall en 30% og að veltufjárhlutfall við arðgreiðslu sé yfir 1 við greiðslu arðsins. Mun tillögugerð til aðalfundar hvers árs taka mið af þessari stefnu. Samþykkt samhljóða.

### **c. Staðfesting stjórnar, varastjórnar félagsins og formanns og varaformanns stjórnar**

#### **Stjórn:**

Jóhann Úlfarsson kt 270155-3169. Til heimilis að Keilufelli 22, formaður, Fellasókn

Andrés Jónsson kt. 071064-2639 Til heimilis að Bæjartúni 5, Kópavogi, varaformaður, Hjallasókn

Guðrún Nikulásdóttir Kt. 281154-2819 Til heimilis að Heiðarási 6, 110 Reykjavík, ritari, Árbæjarsókn.

**Varastjórn:** Kristinn Guðmundsson, Grensássókn og Árni Gunnarsson, Fríkirkjusöfnuðurinn

Samþykkt samhljóða

### **d. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna ÚK frá 1. júní 2022.**

Formaður kr. 107.056

Varaformaður kr. 85.664

Stjórnarmaður kr. 71.370

Greiðsla fyrir varamann í fjarveru aðalmanns kr. 22.303 fyrir hvern fund.

Laun taka mið af launum borgarfulltra Reykjavíkurborgar. Samþykkt samhljóða.

4. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu stefnumótunar. Vinnan er nokkurn veginn á áætlun.
5. Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um stöðu líkhúsmála. Ljóst er að aðgerða er þörf en ljóst er að úrbóta er þörf í líkhúsmálum. Framkvæmdastjóri vakti athygli á því að KGRP fær ekki sérstakar tekjur vegna þessa málaflokks.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:30.